

**Sp.**

## **60. Tillaga til þingsályktunar**

[57. mál]

um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila.

Flm.: Níels Á. Lund, Ingólfur Guðnason, Alexander Stefánsson,  
Ólafur P. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni skipun þriggja manna nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar og auk hans einn tilnefndur af félagsheimilaskjóði og einn tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Nefndin ljúki störfum og skili álitni til menntamálaráðherra áður en löggjafarþing kemur saman haustið 1982.

Nefndinni skal sérstaklega falið að kanna:

- a) hvernig efla megi félagsheimilaskjóð þannig að hann geti betur staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera skv. lögum;
- b) með hvaða hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimila, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða sem rekstur heimilanna varða.

### **Greinargerð.**

Nú eru í notkun á landinu 173 félagsheimili í 134 bæjar- og sveitarfélögum, sem svarar því að rúmlega 59% bæjar- og sveitarfélaga njóti félagsheimila. Þá eru auk ofangreindra 12 félagsheimili í undirbúningi.

Svo sem alþjóð veit eru þessi félagsheimili að mörgu leyti mjög mismunandi. Má þar nefna aldur, stærð, starfsemi, legu o. fl. Elstu húsin, sem enn eru notuð, eru gömlu góðtemplara- og ungmennafélagshúsin sem byggð voru af hugsjón og dugnaði fyrir mörgum áratugum. Svo sem nærri má geta er aðstaða öll þar bágborin í samanburði við þær kröfur sem við gerum til félagsheimila nú. Stærð félagsheimilanna er mismunandi, sem ræðst að verulegu leyti af íbúafjölda héraðsins og þeirri starfsemi sem félagsheimilinu er ætluð. Sum þessara félagsheimila eru í þéttbýli og í stöðugri notkun hvern dag. Í tengslum við þau er oft og tíðum hótélrekstur, kvikmyndasýningar o. fl. Önnur eru á fámennari stöðum og oft að verulegu leyti notuð í tengslum við skóla, bæði sem kennslustofur og íþróttahús.

Í langflestum nýrri félagsheimilanna er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þau félagasamtök sem að þeim standa, svo sem kvenfélög, verkalýðsfélög, búnaðarfélög, sjómannafélög, íþrótt- og ungmennafélög, skáta o. fl.

Sammerkt er öllum félagsheimilum að þau hafa verið og eru fjölbreytilegar menningarmiðstöðvar og leysa úr brynni þörf fyrir félagslega aðstöðu. Að þeim langflestum standa áhugamannafélög sem leggja fram til þeirra allt sitt fjármagn. Með tilkomu félagsheimila í héruðin hefur skapast aðstaða til hvers konar menningarlífs sem telja verður eina af forsendum nútíma lífshátta.

Hvað nefndarskipuninni, sem um getur í ályktuninni, viðvíkur er rétt að benda á að þar sem hér er um að ræða fleiri en einn þátt hvað varðar rekstur og stöðu félagsheimilanna þykir rétt að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um málið í heild og gera tillögur til úrbóta.

Nefndinni er ætlað að ljúka störfum og hafa skilað álit áður en löggjafarþing kemur saman að hausti 1982, þannig að tillögur nefndarinnar ættu að geta komið til kasta Alþingis þegar á næsta ári. Óþarft þykir að hafa nefndina stóra, en ætlast er til að í hana veljist menn sem þekkja til málsins og geta hafið störf strax.

Eðlilegt er að menntamálaráðherra skipi formann nefndarinnar þar sem félagsheimili og félagsheimilaskjöldur heyra undir hann. Einnig þykir rétt að í nefndinni eigi sæti 1 fulltrúi félagsheimilaskjólds, þar sem verulegur hluti af starfi nefndarinnar hlýtur að tengjast skjöldnum og fulltrúi skjóldsins er vel kunnugur stöðu og málefnum félagsheimilanna um allt land.

Þar sem félagsheimili landsins hafa ekki með sér nein samtök er lagt til að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa í nefndina fyrir hönd félagsheimilanna.

Nefndinni er einkum falið að kanna eftirtalda meginþætti, sem verulega snerta félagsheimilin og rekstur þeirra:

a) Félagsheimilaskjöldur hefur allt frá stofnun hans verið sveitarstjórnnum og félagsamtökum mikil hvatning til að byggja yfir félagsstarf og samkomuhald fólksins í landinu. Framlög úr skjöldnum hafa þó oft borist styrkþegum seinna en þeir höfðu leyft sér að vænta, og skerðing skjóldsins með ákvæðum í lánsfjárlögum fyrir árið 1980 og síðar hefur valdið alvarlegri röskun á öllum fyrri áætlunum skjóldstjórnar og frekari drætti á framlögum til framkvæmda við félagsheimili. Almenn er lítið svo á, að bygging félagsheimila skuli styrkt sem nemur 40% af byggingarkostnaði. Skuldahalinn við félagsheimilin lengist sífellt og staða þeirra fer síversnandi ef ekkert verður að gert.

b) Í júní s. l. úrskurðaði ríkisskattanevnd, að Félagsheimilið Festi í Grindavík skyldi greiða tekjuskatt, eignarskatt og aðstöðugjald vegna starfsemi sinnar á árinu 1979. Félagsheimilið Tjarnarborg, Ólafsfirði, hefur nýlega fengið samsvarandi kröfur frá skattstjóra Norðurlandsudmæmis eystra, og svo er um fleiri félagsheimili. Rekstur félagsheimilanna hefur verið fjárhagslega erfiður, og verða því nýjar álögur, eins og um getur hér að framan, mikið reiðarslag fyrir rekstrarstjórnir félagsheimilanna.

Þótt hér sé aðeins um fá félagsheimili að ræða, sem vítað er um, þykir sýnt hvert stefnir.

Með sífelldum olíuverðhækkunum undanfarin ár hefur staða þeirra félagsheimila, sem hituð eru upp með olíu, versnað verulega. Þá er að margra dómi raforka til félagsheimila seld á óhóflega dýru verði, þar sem um innlendan orkugjafa er að ræða. Ljóst er að verulegur munur hlýtur að vera á rekstrarkostnaði þeirra félagsheimila, sem annars vegar eru hituð upp með olíu eða rafmagn, og þeirra, sem búa við hitaveitu. Er nefndinni sérstaklega falið að kanna þennan þátt og gera tillögur til úrbóta.

Eflaust eru enn fleiri atriði sem nefndin þyrfti að kanna og gera tillögur um og koma í ljós við vinnu hennar, þótt hér séu aðeins nefndir þættir sem verulega er áriðandi að gera úrbætur á.

Það er von flutningsmanna að með þessari nefndarskipun og þeim tillögum, sem nefndin gerir, verði unnt að bæta svo stöðu félagsheimilanna að þau geti áfram gegnt því veigamikla hlutverki sem þau hafa gert um allt land undanfarna áratugi.

Nánar verður gerð grein fyrir ályktuninni í framsögu.